



Reykjavík 27.02.2019

Til allra aðildarfélaga HSÍ og allra þeirra aðila sem málið varðar.

### ÁRSÞING HSÍ 2019

62. ársþing Handknattleikssambands Íslands verður haldið laugardaginn 6. apríl 2019 í Laugardalshöll.

Skráning þingfulltrúa hefst laugardaginn 6. apríl 2019 kl.09:00 og verður þingsetning sama dag kl. 10:00.

Listi yfir þingfulltrúa má finna meðfylgjandi.

Undirrituð kjörbréfi þarf að skila inn við skráningu við komu og má finna það hjálagt.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 21 degi fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum aðildarfélögum og sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingsetningu ásamt dagskrá þingsins.

Bestu kveðjur,

Handknattleikssamband Íslands

#### Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

